

Rangárþing ytra
Haraldur Birgir Haraldsson
Suðurlandsvegur 1-3
850 Hella

Reykjavík, 21.1.2022
UST202112-135/A.B.
10.04.03

Efni: Tillaga - Deiliskipulag – Fossabrekkur – Rangárþing ytra

Vísað er til erindis skipulags- og byggingafulltrúa í Rangárþingi ytra er barst 13. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að deiliskipulagi fyrir afþreyingar- og ferðamannasvæði við Fossabrekkur.

Í greinargerð kemur fram að tillagan geri ráð fyrir áningarstað með þjónustuhúsi fyrir ferðamenn og bílastæðum við Fossabrekkur. Auk þess gerir tillagan ráð fyrir uppbyggingu á áningar- og útsýnisstað, stígum og gönguleiðum.

Eins og kom fram í umsögn stofnunarinnar vegna lýsingar verkefnisins 26. nóvember sl. fagnar stofnunin almennt uppbyggingu áningarstaða og bættu aðgengi að náttúrunni og stýringu ferðamanna. Að mati Umhverfisstofnunar mun mannvirkjagerð á svæðinu, sem er hér til umfjöllunar, breyta ásýnd svæðisins nokkuð. Í stað þess að einungis göngufólk sæki staðinn, þá sérstaklega sunnan megin, munu stærri hópar heimsækja staðinn sem mun valda ákveðnu álagi á viðkvæmt svæði. Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að vandað sé til verka, að raski sé haldið í lágmarki og að framkvæmdir á svæðinu rýri og raski ekki verndargildi svæðisins en í því felast víðerni, gróðurfar, landslag, ásýnd, fossar, straumvatn og bakkagróður.

Forsendur og ferðamenn

Í greinargerð kemur fram markmið skipulagsins er að styrkja og auka þolmörk svæðisins og aðstöðu svo það geti betur tekið á móti þeim fjölda sem sækir og mun sækja svæðið í framtíðinni. Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 40 stæðum fyrir fólksbíla, þar af þremur fyrir hreyfihamlaða, tíu stæðum fyrir rútur.

Ætla má að tillagan geri ráð fyrir allt að 600 manns heimsækið svæðið á hverjum tíma.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að það komi fram í forsendum tillögunnar hver sé áætlaður fjöldi ferðamanna sem mun heimsækja svæðið sem hér er til umfjöllunar. Með þeim forsendum væri hægt að rökstyðja umfang tillögunnar, stærð bílastæðis, þjónustubyggingar og áningarstaða, og umfang göngustíga.

Sérstök vernd náttúruverndarlaga

Umhverfisstofnun bendir á að fossar og nánasta umhverfi þeirra falla undir b. lið 2. mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd að því leyti að sýn að þeim spillist ekki.

Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að ofangreint komi fram í greinargerð tillögunnar og það komi fram hver áhrif tillögunnar eru á ásýnd fossins og almennt á svæðinu.

Mikilvægt er því að ásýnd og landslag svæðisins spillist ekki við gerð tillögunnar og við framkvæmdir. Sérstaklega þarf að huga að staðsetningu áningarstaðar/útsýnisstaður spilli ekki sýn að fossinum.

Í greinargerð kemur fram að fossarnir eru þar sem Ytri-Rangá fellur fram af Sigölduhrauni en hraunið á uppruna sinn í Bárðarbungu/eldstöðvakerfinu og rann fyrir um 4.500–7.000 árum. Umhverfisstofnun bendir á að hraunið er nútíma eldhraun sem fellur einnig undir 61. gr. laganna. Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að ofangreint komi fram í tillögunni.

Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir áhrifum eða röskun á ásýnd fossanna og jarðminjanna þarf að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Tillaga að framkvæmdaáætlun (B-hluta)

Umhverfisstofnun bendir á að svæðið sem tilnefnt er vegna ferskvatnsvistgerða nefnist Ytri - Rangá og svæðið sem er tilnefnt vegna jarðminja nefnist Fossabrekkur.¹

Stígar og frágangur á eldri stíg

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að gerðar séu ráðstafanir vegna frágangs og aflögðum göngustígum og villustígum/aflögustígum.

Auk þess segir m.a. í kafla 5.5 að *mikilvægt er að stígar séu 90 cm eða breiðari* og að mati stofnunarinnar er óljóst hvað átt er við með því. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að sett séu skilyrði um hámarksbreidd stíga í greinargerð.

Lýsing

Í greinargerð kemur fram að lýsingu á bílastæði skal haldið í lágmarki til að minnka ljósmengun á svæðinu. Umhverfisstofnun bendir á að mikilvægt er að hönnun á lýsingu sé með þeim hætti að hún valdi ekki ljósmengun á svæðinu.

Ruslatunnur

Umhverfisstofnun telur ruslatunnur óþarfar á svæðinu nema fyrir salernisúrgang. Umhverfisstofnun ítrekar að reynslan hefur sýnt að með fleiri ruslatunnum eykst úrgangur á svæðunum, en þegar ruslatunnur eru fullar heldur fólk jafnvel áfram að setja úrgang í tunurnar og við þær. Við það fer rusl að dreifast um svæðið með veðri og vindum. Umhverfisstofnun bendir á að betra væri að benda fólki á hvar hægt sé að losa úrgang á næsta móttökustað.

¹ <https://www.ni.is/node/28568>

Niðurstaða

Eins og kom fram hér að ofan fagnar stofnunin almennt uppbyggingu áningarstaða og bættu aðgengi að náttúrunni og stýringu ferðamanna. Að mati Umhverfisstofnunar er nokkur óvissa varðandi áhrif framkvæmdarinnar á svæðið þar sem að staðsetning bílastæðis, húsa, fráveitu, göngustíga, skilta, áningarstaða og útsýnisstaða er leiðbeinandi á uppdrætti og getur breyst á hönnunar- og framkvæmdarstigi.

Því er mikilvægt að mati stofnunarinnar að sett séu skilmálar í greinargerð um ofangreinda framkvæmdaþætti til að koma í veg fyrir neikvæð umhverfisáhrif á verndargildi svæðisins.

Virðingarfyllst,

Axel Benediktsson
sérfræðingur

Agnes Þorkelsdóttir
sérfræðingur